

## FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2020

Haldinn á Grand Hótel Reykjavík  
fimmtudaginn 16. júní 2020 kl. 17:00

### Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings og tryggingafræðilegrar úttektar.
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu.
4. Gerð grein fyrir hluthafastefnu.
5. Áhrif hækkandi lífaldurs.
6. Starfskjarastefna – til staðfestingar.
7. Kosning /skipan stjórnar.
8. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
9. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.
10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
11. Önnur mál.

### Fundarsetning

**Gylfi Gíslason stjórnarformaður** setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gylfi gerði tillögu um **Hennýju Hinz**, hagfræðing ASÍ, sem fundarstjóra og var það samþykkt.

**Henný Hinz** tók við fundarstjórn og þakkaði traustið. Henný gerði tillögu um Bjarneyju Sigurðardóttur sem fundarritara og var það samþykkt. Henný vitnaði í kafla 5.2 í samþykktum sjóðsins þar sem fram kemur að ársfund sjóðsins skuli halda fyrir lok apríl ár hvert, en í ljósi aðstæðna sem skapast hafa vegna COVID-19 hafi fundi verið frestað og var frestunin samþykkt af Fjármálaeftirlitinu.

Dagsetning fundar hafði upphaflega verið auglýst 16. apríl með lögmætum hætti og síðar auglýst að hann skyldi haldinn 16. júní, eins og nú hefur orðið. Henný upplýsti að um hefðbundin aðalfundarstörf væri að ræða og að hún hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglysingar og spurði síðan fundarmenn hvort einhverjar athugasemdir væru við lögmæti hans. Engar athugasemdir voru gerðar og úrskurðaði hún fundinn löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Henný fór yfir dagskrá fundarins og gekk því næst til dagskrár og gerði tillögu um að taka umræður um liði 1-4 sameiginlega, sem var samþykkt. Henný gaf Gylfa Gíslasyni formanni stjórnar orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.

### **1. Skýrsla stjórnar**

**Gylfi Gíslason stjórnarformaður** flutti skýrslu stjórnar.

Gylfi gat þess að árið 2019 hafi verið afar hagstætt í rekstri sjóðsins. Hækkanir hafi verið bæði á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum og þróun á skuldabréfamörkuðum hafi einnig verið hagstæð. Raunávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var 12,1% og var tryggingafræðileg staða jákvæð um 3,7% í árslok 2019. Gylfi ræddi ávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið, sem hefur verið góð, og sagði að langtímahugsun og áhættudreifing sé mjög mikilvæg í ávöxtun fjármuna Gildis-lífeyrissjóðs. Gylfi sagði að á grundvelli þessara langtímahagsmunu hafi Gildi verið leiðandi í umræðu og aðgerðum sem stuðla að bættum stjórnarháttum og ábyrgum fjárfestingum og að sú vinna muni til lengri tíma litið vera heillavænleg fyrir sjóðinn. Gylfi sagði að þrátt fyrir góðan árangur sjóðsins á árinu 2019 sé vert að nefna að það séu miklir óvissutímar og miklar sveiflur á mörkuðum vegna þess ástands sem hefur skapast vegna útbreiðslu COVID-19 veirunnar. En þrátt fyrir það nemur nafnávöxtun Gildis á fyrstu fimm mánuðum ársins 2020 3,6%.

Gylfi ræddi því næst hækkandi lífaldur landans og sagði það eina af stóru áskorunum sjóðsins á næstu árum að sjóðfélagar verða lengur á lífeyri og skuldbindingar sjóðsins aukist þar af leiðandi. Út frá nýjustu spám um lífslíkur, horft til framtíðar, gætu skuldbindingar sjóðsins aukist um allt að 10%. Það sé því verk að vinna til að takast á við þessar breytingar.

16 stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2019, auk tveggja daga stefnumótunarfundar. Gylfi sagði stjórnina fást við krefjandi og viðamikil verkefni en samstarfið innan stjórnarinnar sé gott og samstaða í því hvert sjóðurinn stefnir. Hann þakkaði að lokum starfsmönnum og stjórn fyrir gott og árangursríkt samstarf í þágu sjóðsins. Gylfi þakkaði Guðmundi Ragnarssyni og Konráð Alfreðssyni sérstaklega fyrir þeirra framlag til sjóðsins en þeir eru nú að hverfa úr stjórn eftir langa stjórnarsetu.

## **2 - 4. Kynning ársreiknings og tryggingafræðilegrar úttektar, gerð grein fyrir fjárfestingar- og hluthafastefnu.**

### **Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri**

Árni vísaði í árskýrsluna, benti á að þar væri að finna miklar og ítarlegar upplýsingar um sjóðinn og hvatti fundargesti að kynna sér skýrsluna vel og sagði að kynningin yrði komin inn heimasíðu sjóðsins strax á fimmtudag. Árni gat þess að sjóðnum hafi borist erindi frá Jóhanni Páli Símonarsyni og muni hann svara hluta af þeim fyrirspurnum sem í því voru í erindi sínu og síðan muni stjórnarformaður og endurskoðandi svara hluta af fyrirspurnunum. Árni gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins, fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og tryggingafræðilegri úttekt. Helstu atriði erindis hans koma fram í kynningu sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Árni fór í upphafi máls síns yfir stærstu heildarliði í ársreikningnum, bæði fyrir samtryggingu og séreign, og gat þess að hrein eign Gildis hafi hækkað á árinu 2019, úr 561,2 mö.kr. í 661,1 ma.kr. Hann gerði grein fyrir heildargreiðslum iðgjalda til sjóðsins, lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu, heildarfjárfestingartekjum og gjöldum ársins. Þá gerði hann grein fyrir stærstu kostnaðarliðum í ársreikningnum og fór einnig yfir þróun á innlendum og erlendum mörkuðum.

Því næst fór Árni yfir breytingar á hreinni eign í samtryggingardeild og greindi frá fjölda sjóðfélaga, lífeyrisþega og launagreiðenda. Sýndi hann þróun í fjölda sjóðfélagalána síðustu 10 ár, en mikil fjölgun hefur orðið frá árinu 2014 eftir breytingar á lánareglum. Alls voru veitt 1.272 ný lán á árinu 2019 og greidd út lán fyrir 20,6 ma.kr. Árni gerði grein fyrir þróun á nafn- og raunávöxtun sjóðsins síðustu ár, fór yfir ávöxtun eignaflokka eignasafnsins og gerði grein fyrir kostnaði sjóðsins á árinu.

Árni gerði grein fyrir eignasafni samtryggingardeilda og fór yfir sundurliðun á skuldabréfa- og hlutabréfasafinu og sýndi í því samhengi m.a. sundurliðun niður á einstök fyrirtæki. Þá gerði hann einnig grein fyrir niðurfærslum/matsbreytingum í efnahagsreikningi.

### **Fjárfestingarstefna**

Fjárfestingarstefna er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfeldstu kjörum sem í eru boði á hverjum tíma með tilliti til áhættu. Í lok nóvember 2019 setti stjórn Gildis nýja fjárfestingarstefnu fyrir árið 2020. Þar var lagt upp með að hlutfall hlutabréfa verði aukið á kostnað skuldabréfa. Dregið verði úr vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins en hlutfall skuldabréfa fyrirtækja og veðskuldabréfa verði aukið lítillega.

## Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2019. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 40,8 milljörðum kr. hærri en áunnin réttindi sjóðfélaga. Heildarstaða sjóðsins var jákvæð um 3,7% í árslok 2019.

Árni gerði einnig grein fyrir fjárfestingarstefnum og ávöxtun séreignarleiða sjóðsins.

## Framvinda fjárfestingarstefnu

Vegna þeirrar miklu óvissu sem verið hefur á mörkuðum síðustu mánuði vegna COVID-19 fór Árni yfir helstu breytingar á verðbréfamörkuðum það sem af er árinu 2020 og sýndi þróun á stöðu eigna fyrstu fimm mánuði ársins. Hann fór einnig yfir þróun helstu vísitalna á innlendum og erlendum mörkuðum, gengisþróun krónunnar ásamt þróun sjóðfélagalána og vaxtakjara þeirra á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs.

## Hluthafastefna

Núgildandi hluthafastefna sjóðsins var samþykkt í október 2018. Hluthafastefnan gildir um fjárfestingar í skráðum félögum og markar stefnu sjóðsins sem eiganda í viðkomandi félögum og ákvarðar hvernig sjóðurinn beitir sér á hluthafafundum. Hún ásamt stefnu um ábyrgar fjárfestingar setur fram áherslur sjóðsins með tilliti til stjórnarháttu, umhverfismála og félagslegra málefna. Varðandi kosningu í stjórnir skráðra félaga þá styður Gildi að komið sé á fót tilnefningarnefndum í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og innan sjóðsins er valnefnd sem ákvarðar hvernig farið er með atkvæðisrétt við kosningu stjórnar. Þá hvetur Gildi til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum.

Gildi leggur áherslu á að starfskjarastefnur félaga séu skýrar, skiljanlegar, samræmist langtíma-hagsmunum og sjálfbærni félaga og feli jafnframt í sér ákvaeði sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Gildi birtir á heimasíðu sjóðsins allar tillögur og bókanir sem sjóðurinn leggur fram á hluthafafundum og hvernig sjóðurinn greiðir atkvæði um öll mál sem eru á dagskrá hluthafafunda. Gildi leggur mikla áherslu á ábyrgar fjárfestingar, virkni hluthafa og gegnsæi.

Árni gerði því næst grein fyrir framkvæmd hluthafastefnunnar og því í hvaða félögum Gildi beitti sér á árinu 2019/2020 og má nálgast þær upplýsingar í glærum fundarins sem birtar eru á heimasíðu sjóðsins.

Að lokum fór Árni yfir svör við þeim spurningum Jóhanns Páls sem ekki höfðu komið fram í kynningunni. Sjá viðauka með fundargerðinni þar sem fram koma svör sjóðsins við spurningum Jóhanns Páls.

**Halldór Arason** endurskoðandi Gildis svaraði spurningum Jóhanns Páls nr. 7. og 8.

Halldór sagði að við lok endurskoðunar sé gerð endurskoðunarskýrsla sem lögð er fyrir endurskoðunarnefnd, stjórn og lykilstjórnendur sjóðsins. Skýrslan er einnig send til FME og myndar hluta af eftirliti þeirra með lífeyrissjóðnum. Skýrslan er ekki afhent til annarra. Gagnvart rekstri sjóðsins var niðurstaða endurskoðunar sú að engar athugasemdir né skekkjur væru til staðar.

**Gylfi Gíslason** svaraði því næst spurningu Jóhanns Páls um launakjör starfsmanna. Sjá svar í viðauka.

**Fundarstjóri** þakkaði frummælendum og opnaði þessu næst mælendaskrá um þessa fjóra dagskráliði og bað þá sem vildu taka til máls að kynna sig fyrir fundinum.

## Örn Pálsson

Örn þakkaði ítarlega og góða ársskýrslu og sagðist ánægður með góða afkomu sjóðsins. Örn sagðist sammála stjórnarformanni um það að ekki eigi að útvista eignastýringu sjóðsins.

Örn spurði hvað Gildi hafi greitt fyrir stýringu eigna á árunum 2018 og 2019 af innlenda og erlenda safninu? Spurði einnig hvort stýringin sé boðin út?

Örn lagði einnig fram tillögu um að Gildi hefji samstarf við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Birtu og Lífeyrissjóð verslunarmanna um að stofna fjárfestingarteymi í sambandi við fjárfestingu í erlendum eignum. Örn spurði hvort Gildi hafi leitað eftir samstarfi við aðra lífeyrissjóði um erlendar fjárfestingar og ef svo er ekki, af hverju ?

Örn vísaði í skýrslu FME vegna 1. árfjórðungs 2020 og benti á að eignastaða Gildis hafi lækkað um 4 ma.kr. á þessum tíma. Hann spyr hvaða þættir það séu helst sem hafi valdið þessum lækkunum og hver sé helsta áhættan?

### **Jóhann Páll**

Jóhann sagðist ekki sammála Erni um að fara í samstarf við aðra lífeyrissjóði en sagði að samt sem áður séu fjárfestingargjöldin allt of há. Jóhann setti út á laun yfirmanns eignastýringar og telur þau of há. Jóhann þakkaði fyrir skýr og greinagóð svör og sagði fundinn skýrasta fund sem hann hefur setið og væntir þess að svo verði áfram.

### **Davíð Rúdólfsson**

Davíð svaraði spurningum Arnar Pálssonar um sundurliðun á fjárfestingargjöldum innlendra og erlendra sjóða og vísaði Davíð í skýringu 8 í ársskýrslu sjóðsins en þar kemur fram ítarleg sundurliðun. Vegna innlendra sjóða er kostnaðarhlutfallið að meðaltali 2%, vegna erlendra sjóða og verðbréfa er kostnaðarhlutfallið 0,4% og vegna annarra erlendra fagfjárfestasjóða er hlutfallið 1,9%. Davíð benti á að í óskráðum framtakssjóðum séu þóknarir í samhengi við árangur sjóðanna, en þessir sjóðir séu oft að ná umframávöxtun.

Varðandi það hvort sjóðurinn bjóði fjárfestingar út svaraði Davíð því til að þessar fjárfestingar séu í stöðugri skoðun hjá eignastýringunni, en um þriðjungur af heildareignum eru í útvistaðri stýringu. Prátt fyrir það er eignastýringin stöðugt að vakta og fylgjast með þeim aðilum sem verið er að vinna með. Varðandi fyrirspurn um samstarf við aðra lífeyrissjóði við fjárfestingar erlendis hefur það ekki verið gert með þeim hætti að sögn Davíðs. Gildi hefur gengið vel að halda niðri kostnaði og hefur ekki þótt slíkt samstarf heppilegt af ýmsum ástæðum s.s. að teknu tilliti til áhættudreifingar, hættu á einsleitari fjárfestingum sjóðanna og sjálfstæðis sjóðanna.

Davíð svaraði að lokum spurningu Arnar um stöðuna í lok mars. Hann sagði að innlenda hlutabréfasafnið hafi rýrnað um 13% frá byrjun árs og að erlenda hlutabréfasafnið hafi gefið mikið eftir í lok mars. Davíð benti á að það séu miklar sveiflur dag frá degi og því hafi eignastýringin fylgst vel með gangi mála. Hann sagði aðstæður til fjárfestinga í núverandi vaxtaumhverfi kalla á ákveðnar breytingar, sem verði verkefni næstu missera.

**Henný lokaði mælendaskrá.**

## **5. Áhrif hækkandi lífaldurs.**

**Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur** hélt erindi um áhrif hækkandi lífaldurs.

Vigfús rakti tímalínu sem náði allt frá 13 f. Krist og til stofnun lífeyrissjóða í kringum 1970, rakti þannig sögu og uppruna lífeyriskerfisins allt aftur til Rómaveldis. Hann sýndi hvernig meðalævilengd kvenna og karla hefur þróast síðustu 50 árin. Hjá körlunum hefur meðalævin lengst úr tæpum 72 árum í rúmlega 80 ár, eða um two og hálfan mánuð á ári, og hjá konunum úr 77 árum í 84 ár. Með lengri ævi hefur fylgt betra heilsufar og þar með taka lífeyris í fleiri ár, skuldbindingar lífeyrissjóðanna hafi því aukist sem kalli á ráðstafanir, til dæmis;

- Lækkun lífeyrisgreiðslna
- Hækkun lífeyrisaldurs
- Hækkun iðgjalda

Vigfús segir að vegna þessa séu lífeyrissjóðir veikari en fram hefur komið og réttindi sem áttu að endast í 15 ár þurfi að endast í 20 ár. Vandinn er þó viðráðanlegri á Íslandi en víða annars staðar. Í nýrri tegund af töflum er notað spálíkan þar sem horft er fram á við í stað þess að horfa um öxl. Vigfús segir hækkandi lífaldur kalla á breytingar því kynslóðirnar séu í raun að keppa sín á milli.

- Skuldbindingar lífeyrissjóða gætu aukist um 10-15%
- Mismunandi eftir samsetningu aldurs og skiptingu milli kynja
- Eftir 50 ár hefur ellilífeyristímabilið lengst um 2,5 ár hjá konum og 5 ár hjá körlum
- Áhrifin hafa verið áætluð fyrir flesta lífeyrissjóði
- Ef beðið er með aðgerðir bitnar það á yngri sjóðfélögum

**Fundarstjóri** gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls og hélt fundarstjóri dagskrá áfram.

## 6. Starfskjarastefna til staðfestingar.

**Árni Guðmundsson** gerði grein fyrir starfskjarastefnu Gildis sem er óbreytt frá fyrra ári. Markmiðið með stefnunni er að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins og er ætlað að treysta langtímahagsmuni sjóðfélaga, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Árni fór í stórum dráttum yfir helstu þætti starfskjarastefnunnar og gat þess að í desember 2019 hafi sjóðurinn hlotið jafnlaunavottun. Árni sagði frá starfskjaranefnd sem skipuð er á ársfundi sjóðsins og leggur nefndin fram tillögu um laun stjórnar fyrir ársfund, sem endurspegli ábyrgð, sérþekkingu og reynslu. Að lokum kom Árni að því að starfskjarastefnu skal samþykka á ársfundi sjóðsins sem verður gert hér á eftir.

**Fundarstjóri** gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls.

**Fundarstjóri** bar starfskjarastefnuna upp til atkvæða og var hún staðfest samhljóða.

## 7. Kosning / skipan stjórnar.

Tekin var fyrir tillaga kjörnefndar launafólks um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna:

Til tveggja ára, til ársfundar 2022:

Aðalmenn:   **Árni Bjarnason**  
**Margrét Birkisdóttir**

Varamaður:   **Kolbeinn Gunnarsson**

**Fundarstjóri** spurði hvort gerðar væru aðrar tillögur og bentí á að aðeins fulltrúar launamanna hefðu atkvæðisrétt um þessa tillögu. Ekki komu fleiri tillögur fram. Framlögð tillaga samþykkt samhljóða.

**Fundarstjóri** gerði síðan grein fyrir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2022, en samkvæmt samþykktum sjóðsins er ekki um það kosið á ársfundi:

Aðalmenn:   **Áslaug Hulda Jónsdóttir**  
**Sverrir Sverrisson**

Varamaður: **Hannes G. Sigurðsson**

**Fundarstjóri** bað nýkjörna stjórnarmenn að rísa úr sætum.

**8. Ákvörðun launa stjórnarmanna.**

**Fundarstjóri** upplýsti um það hverjir sitja í núverandi nefnd um laun stjórnarmanna, en það eru Berglind Rós Gunnarsdóttir, Trausti Jörundarsson, Davíð Þorláksson og Gylfi Gíslason stjórnarformaður. Hún gerði því næst grein fyrir framlagðri tillögu um laun stjórnarmanna þess efnis að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 128.956, laun formanns verði tvöföld eða kr. 257.912 og laun varaformanns verði kr. 193.434. Stjórnarlaun miðist við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir eru fleiri skuli greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 128.956, fyrir hvern setinn stjórnarfund. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns. Hækkun milli ára eru 5.500 kr. á mánuði fyrir almennan stjórnarmann og tekur mið af almennri launaþróun og lífskjarasamningi.

Orðið var gefið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

**Fundarstjóri** bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

**9. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.**

**Fundarstjóri** gerði grein fyrir framlagðri tillögu um fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna. Nefndin er fjögurra manna, þrír eru kosnir á ársfundi, en auk kjörinna fulltrúa á stjórnarformaður sæti í nefndinni.

Fulltrúar samtaka atvinnulífsins:

**Davíð Þorláksson**

**Inga Jóna Friðgeirs dóttir**

Fulltrúi launamanna:

**Berglind Rós Gunnarsdóttir**

**Fundarstjóri** bar upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

**10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.**

**Fundarstjóri** gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að endurskoðandi sjóðsins verði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.

**Fundarstjóri** leitaði eftir öðrum tillögum sem ekki komu fram. Framlögð tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**11. Önnur mál.**

**Fundarstjóri** gat þess að skv. grein 5.8 í samþykktum sjóðsins þurfi tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engar tillögur bárust fyrir fundinn að þessu sinni og gaf fundarstjóri orðið laust.

**Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann Páll var ósáttur við að sjóðfélagar hefðu ekki kosningarétt á fundinum og sagðist vilja að sjóðfélagar sjái sjálfir um sinn sjóð. Honum finnst valdið tekið af sér hvað þetta varðar og er ósáttur með það hversu fáir sjóðfélagar láta í sér heyra. Jóhann vildi þó þakka fyrir það sem vel er gert. Jóhann

spurði Davíð Rúdólfsson hvort hann væri stjórnarformaður í Jarðvarma (HS Orku), hvort það væru ekki hagsmunárekstrar og spurði einnig hvað stjórninni fyndist um það?

Jóhann Páll ræddi einnig aðalfund Eimskipa í mars sl. og var ósáttur við að fundurinn var lokaður og sagði hann fáa hafa haft aðgang að fundinum og hluthafar hafi ekki fengið að taka til máls. Jóhann vísaði til þess að Gildi hafi tapað 809 milljónum á Eimskip og var ósáttur við að enginn tjáði sig um málið, hvorki verkalýðsfélög né aðrir, og benti einnig á að mörgum hafi verið sagt upp hjá Eimskip.

Jóhann Páll spurði einnig út í yfirtökutilboðið í Eimskipi, ræddi kæruna sína til Seðlabanka og feril þess máls og spurði hverjir væru fulltrúar Gildis í stjórn Eimskipa og hvort þessir fulltrúar hafi gert athugasemd við yfirtökutilboðið?

#### **Árni Sverrisson, framkvæmdastjóri Félags skipstjórnarmanna**

Árni þakkaði stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmönnum fyrir góðan rekstur sjóðsins og góða árskýrslu. Árni sagðist deila áhyggjum Jóhanns Páls af stöðunni hjá Eimskip og sagði félagið hafa átt fundi út af því máli. Hann gat þess að miklar breytingar í þjóðféluginu hafi komið niður á ýmsum félögum, m.a. Eimskip. Árni sagði félagið standa með sínum mónum og að félagsmenn þeirra leiti oft til þeirra og þá sé gott að eiga aðild að öflugum og sterkum lífeyrissjóði. Árni ítrekaði þakkir til stjórnenda sjóðsins fyrir samstarfið og góða afkomu.

#### **Davíð Rúdolfsson**

Davíð svaraði spurningu Jóhanns Páls um setu hans í stjórn Jarðvarma. Davíð sagði það rétt að hann sé stjórnarformaður í Jarðvarma, sem á 50% hlut í HS Orku, og sitji þar að beiðni stjórnar Gildis til að fylgja eftir hagsmunum sjóðsins af þessari fjárfestingu, ásamt fulltrúum annarra lífeyrissjóða sem fjárfesta í féluginu. Jarðvarmi er stofnaður utan um þessa tilteknu fjárfestingu í HS Orku og Davíð segir enga hagsmunárekstra fylgja því.

#### **Árni Guðmundsson**

Árni svaraði spurningu Jóhanns Páls varðandi Eimskipafélagið. Hann sagði Gildi ekki eiga neina stjórnarmenn í skráðum félögum og því eigi Gildi ekki stjórnarmann í stjórn Eimskipa. Gildi komi hins vegar að kosningu stjórnar en eigi ekki sérstakan fulltrúa. Árni benti einnig á að Gildi ásamt fleiri lífeyrissjóðum hafi sent erindi til Fjármálaeftirlitsins vegna yfirtökutilboðsins, þar sem kallað var eftir upplýsingum og sé þessu máli ekki lokið.

#### **Eva Ágústsdóttir stjórnarmaður í Eflingu**

Eva spurðist fyrir um endurhæfingar- og örorkulífeyri. Hún vitnaði í samkomulag milli lífeyrissjóða þar sem fram kemur að ef sjóðfélagi hefur sjálfur átt sök á orkutapi vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna þá eigi hann ekki rétt á greiðslum úr sjóðnum. Hún sprýr á hvaða forsendum þetta sé byggt? Eva telur þetta vera mismunun á milli sjúkdóma.

#### **Árni Guðmundsson**

Árni svaraði fyrirspurn Evu og sagði þetta ekki vera samkomulag milli lífeyrissjóða en vera gamalt ákvæði í samþykktum Gildis og fleiri sjóða, að ef rekja má orkutap til ofnotkunar áfengis eða fíkniefna þá sé ekki réttur á svokölluðum framrekningi, en viðkomandi fái alltaf greiddan örorkulífeyri út á áunnin réttindi. Árni nefndi að þetta ákvæði væri barn síns tíma og mætti alveg endurskoða það.

#### **Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann gat þess að sér finnist undarlegt að enginn fulltrúi Gildis sé í stjórn Eimskip. Jóhann benti því næst Árna Sverrissyni á að á Íslandi séu menn launþegar en ekki undirmenn. Jóhann Páll þakkaði að

lokum stjórn og framkvæmdastjóra fyrir greinagóðan fund og skýr svör við sínum spurningum og sagðist vona að Gildi haldi áfram á sömu braut.

Árni Guðmundsson afhenti Jóhanni Páli skrifleg svör við spurningum hans til sjóðsins.

### **Árni Bjarnason**

Árni sagðist hafa setið á mjög mörgum ársfundum Gildis og þetta sé langbesti ársfundur sem hann hefur setið. Árni tók undir áhyggjur annarra fundarmanna varðandi stöðu Eimskip og segir það mikið áhyggjuefni hver staðan sé þar. Árni óskaði að lokum stjórn og starfsmönnum til hamingju með frábært starf á síðasta starfsári.

### **Árni Guðmundsson**


Árni vakti athygli á því að Gildi hefur opnað nýjan sjóðfélagavef og hvatti sjóðfélaga og fundarmenn að fara inn á heimasíðu sjóðsins og skoða nýja sjóðfélagavefinn.

**Fundarstjóri** lokaði mælendaskrá.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild til að ganga frá fundargerð síðar og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund, sagði hlutverki sínu á fundinum lokið og gaf **Gylfa Gíslasyni formanni stjórnar** orðið. Gylfi þakkaði fyrir góðan fund og góðar ábendingar og sleit fundi kl. 18.55.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 32 fulltrúar, þar af 24 fulltrúar launamanna og 8 fulltrúar atvinnurekenda. Fundarmenn í heild voru um 70.



---

Henný Hinz fundarstjóri



---

Bjarney Sigurðardóttir fundarritari